



Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Stefna Sveitarfélagsins Skagafjarðar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að ómálefnalegur launamunur sé ekki til staðar. Sveitarfélagið leggur áherslu á jafnrétti og að nýta styrkleika allra kynja þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs sveitarfélagsins njóti sín sem best. Markmið sveitarfélagsins er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir einstaklingar hafa jöfn tækifæri óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Jafnlaunastefnan tekur til allra starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu sveitarfélagsins og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðsstjóri er fulltrúi sveitarstjóra varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur gert samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi sveitarfélagsins. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendinga og lagfærð.

Sveitarfélagið skagafjörður skuldbindur sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið.
- Bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.
- Innleiða verklag og skilgreina viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum málefnalegum ástæðum.
- Framkvæma launagreiningu reglulega þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 10/2008 og reglugerð 1030/2017.
- Kynna stefnuna fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins.
- Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.